

# BRÁÐA

7. árgangur I. tbl.

Fréttablað Félags áhugamanna um tréskurð

Janúar 2002



## Frá aðalfundi FÁT 2001

Aðalfundur félagsins var haldinn í fundarsal ÍSÍ, Laugardal, 23. október 2001. Dagskrá fundarins voru hefðbundin aðalfundarstörf. Ritari las fundargerð síðasta aðalfundar og var hún samþykkt. Formaður las skýrslu formanns og stjórnar og gerði grein fyrir starfsemi félagsins á undangengnu starfsári. Stjórnin lagði fram ársreikning félagsins og greindi gjaldkeri frá fjárhagsstöðu félagsins og var ársreikningurinn samþykktur að umræðum loknum. Undir liðnum lagabreytingar, kom fram tillaga um breytingu á 5. gr. félagsins, sem er eftirfarandi: Aðalfund skal halda á hverju ári fyrir lok nóvembermánaðar” og var hún samþykkt. Ennfremur kom fram tillaga um breytingu á 6. grein, sem er þannig: “Stjórn félagsins geta skipað allt að 6 manns.” og var hún ennfremur samþykkt.

Stjórn félagsins var endurkjörin, en kosin var nýr stjórnarmaður, Elsa Þóra Eggertsdóttir og er hún boðin velkomin til starfa í félaginu. Núverandi stjórn félagsins er getið annarsstaðar í blaðinu. Þá urðu þær breytingar á ritnefnd Brýnisins, að Friðgeir

H. Guðmundsson óskaði eftir draga sig til hlés í ritnefnd, þar sem hann ætlar að sjá um útleigu á bókum og myndböndum fyrir félagið, sem greint er frá annarsstaðar í blaðinu, en í hans stað var Elsa Þóra Eggertsdóttir kjörin í ritnefnd. Er Friðgeiri þökkun hans störf og Elsa Þóra boðin velkomin í ritnefnd Brýnisins.

Undir liðnum önnur mál var starfsemi félagsins rædd. Fram kom fyrirspurn um hvort ekki mætti ávaxta betur sjóð félagsins og má geta þess að í framhaldi hefur honum verið komið á sérvaxtareikning sem ber hærri vexti en áður hafa fengist. Þá kom fram tillaga um að félagið keypti nokkrar valdar útskurðarbækur til útlána til félagsmanna og að umræðum loknum var ákveðið að verja til þessa verkefnis kr. 20.000 úr félagssjóði. Þá var ákveðið að hefja útleigu á þeim myndböndum sem félagið á til félagsmanna og var ákveðið að tryggingargjald fyrir hvert myndband yrði kr. 3.000, en leigugjald kr. 300,- fyrir tvær vikur. Nánar er gerð grein frá þessum atriðum annarsstaðar í blaðinu. Ákveðið var að félagsgjaldið yrði óbreytt frá fyrra ári, þrátt fyrir verðlagsbreytingar. Með nýárskveðju, Vilhjálmur Siggeirsson.

## Vorsýning 2002

Hin árlega vorsýning félagsins verður haldin í tengibyggingu Safnaðarheimilis Háteigskirkju við Háteigsveg laugardaginn 13. og sunnudaginn 14. apríl n.k. kl. 13:00-17:00. Heiðursgestur sýningarinnar í ár verður Egill Sveinsson, myndskurðarmeistari, en hann lauk sveinsprófi 1954 og lærði útskurð hjá Rikharði Jónssyni. Þá mun Örn Sigurðsson einnig sýna sveinstykki sitt, en Anna Lilja Jónsdóttir sýndi sveinstykki sitt á vorsýningunni í fyrra. Nánar um þetta í næsta fréttabréfi sem kemur út skömmu fyrir sýninguna. Meðfylgjandi mynd er af einu verka Egils sem verður á sýningunni.

## Útleiga bóka og myndbanda til félagsmanna

Einsog kynnt hefur verið á fundum og í fréttabréfi hefur félagið fest kaup á fjórum myndböndum sem sýna og leiðbeina hvernig best er að bera sig að við tréskurð á hinum ýmsu stigum. Jafnframt hefur félagið fest kaup á nokkrum bókum sem innihalda hin ýmsu munstur og stafagerð fyrir tréskurð. Myndböndin og bækurnar verða til útleigu fyrir félagsmenn og verður leigugjald fyrir hvert myndband 300 kr. en leigutíminn er tvær vikur. Þá verður farið fram á 3.000 kr. sem skilagjald, sem mun greiðast til baka þegar myndbandinu verður skilað. Sama gjald verður fyrir útleigu á bókunum nema skilagjald verður haft í samræmi við verðgildi þeirra Umsjón með útleigu hefur Friðgeir Guðmundsson Melalind 12 í Kópavogi. Hann er við

í síma 560 7166 að deginum til en á kvöldin í sínum 554 6775 og 861 6775 Jafnframt er hægt að senda tölvupóst á fg@isal.is Félagið vonast til þess að þetta framtak komi félagsmönnum til góða og eflir hug og hönd.



# Dagskrá vorsins 2002

## Ferð á færeyska daga í janúar

Færeyskir handverksdagar verða í Fjörukránni við Strandgötu í Hafnarfirði dagana 22.jan-3.febrúar. Þar mun meðal annarra trélistamaðurinn Ole Jakub Nielsen sýna. Hann hefur lýst áhuga á að hitta íslenska tréskurðarmenn og mælum við með að þeir sem hafi áhuga sammælist um að skoða sýninguna og spjalla við listamanninn laugardaginn 26. jan. kl 14:00.

## Myndbandakvöld í febrúar

Myndböndin sem þau Philip Odden og Else Bigton hafa gert um acantusskurð. (Carving an Acanthus Breadboard, Carving an Acanthus Clock Shelf) verða sýnd á myndbandakvöldi mánudaginn 25. febrúar kl. 20:00 í fundarsal ÍSÍ við hlið Íþróttahallarinnar í Laugardal.

## Fræðsluerindi Gunnar Bjarnasonar í mars

Gunnar Bjarnason smíður verður með fræðsluerindi í máli og myndum um störf sín þriðjud. 19.mars kl. 20:00 í fundarsal ÍSÍ í Laugardal, við hlið Laugardalshallarinnar. Hann hefur smíðað fjöldan allan af húsum í fornum stíl fyrir m.a. Þjóðminjasafnið, Þjóðveldisbæinn að Stöng, Auðunnarstofu, kirkju og skála í Brattahlíð svo fátt eitt sé nefnt. Hann hefur ekki látið sér nægja að smíða að fornum hætti í tré heldur einnig sótt sér þekkingu út fyrir landsteinana til læra að smíða úr járn. Hann mun taka með sér verkfæri til sýningar sem hann hefur smíðað.

## Félagsgjöldin 2002

Með þessu fréttabréfi eru sendir út giróseðlar til innheimtu félagsgjalda yfirstandandi tímabils. Félagsgjöld eru óbreytt frá fyrra ári kr. 1.500,- og eru félagsmenn hvattir til að standa skil félagsgjalda sem fyrst.

## Riddarakross íslensku fálkaorðunnar

Einn félagsmanna okkar, Matthías Andrésson fékk um áramótin (1. janúar 2002) riddarakross íslensku fálkaorðunnar, fyrir framlag hans til íslensks handverks. Við óskum Matthíasi að sjálfsögðu til hamingju.

## Stjórn félagsins:

Vilhjálmur G. Siggeirsson, form. s.5537768 - 8639395  
Bjarni Þór Kristjánsson, varaform. s.5684654 - 6976294  
Halldór Vilhelmsson, gjaldkeri, s. 5656122  
Guðmundur K. Guðfinnsson, ritari. s. 5668157 - 8541257  
Friðgeir H. Guðmundsson, meðstj. s. 5546775 - 8616775  
Elsa Þóra Eggertsdóttir, meðstj.s. 8981329  
**Í ritnefnd Brýnisins eru:**  
Anna Lilja Jónsdóttir, s. 5538253 - 8648253  
Elsa Þóra Eggertsdóttir, s. 8981329  
Sigurður Kristjánsson, s. 5534399

## Rafræn sending fréttabréfs

Komið hefur fram tillaga um að senda fréttabréfið Brýnið á rafrænu formi til félagsmanna til að spara pappír, prentkostnað og útburðargjöld. Þeir félagsmenn sem eru með tölvupóstfang eru bednir að senda upplýsingar um það

## Haustferð félagsins 2001

Haustferð félagsins var farin 27 október s.l. að Ljósafossi. Þar var sýningin "Skáldað í tré". Fróðleg sýning á vegum Þjóðminjasafns Íslands, þar sem sýndur var útskurður frá 11. öld og fram á okkar daga. Þátttaka var frekar dræm, 9 manns fóru úr bænum á tveimur bílum. Komið var austur að Ljósafossi klukkan rúmlega eitt, þar voru fyrir Vilhjálmur formaður og Margrét Hallmundsdóttir. Margrét gekk með okkur um sýninguna og sagði frá því sem þar var að sjá. Síðan skoðuðu menn betur það sem hverjum og einum fannst mest til koma. Farið var í bæinn aftur um þrjúleytið með stuttum stans við kaffikönnuna í Þrastarlundi.

## Myndskurður í Iðnskólanum

Fyrirhugað er námskeið í myndskurði í Iðnskólanum á vorönninni. Það verður 36 klst. og með sama sniði og verið hefur. Hefst það í byrjun febrúar og er búið fyrir páska. Kennari verður Örn Sigurðsson.

## Brýnið

Fréttablað Félags áhugamanna um tréskurð  
Birkihlíð 32,  
105 Reykjavík  
Heimasíða Félags áhugamanna um tréskurð  
<http://www.simnet.is/samvil/treskurdur>